

Nd.

305. Frumvarp til laga

[159. mál]

um Olfúsjóð fiskiskipa, olúgjalld o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 3. febr.)

Samhljóða þskj. 248 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Auk almenns útflutningsgjalds samkvæmt lögum nr. 5 frá 13. febrúar 1976, með síðari breytingum, skal innheimta sérstakt 4% útflutningsgjald er renni í Olfúsjóð fiskiskipa.

Útreikningur og innheimta þessa sérstaka útflutningsgjalds skal fara eftir ákvæðum laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 frá 13. febrúar 1976, með síðari breytingum. Kolmunnaafurðir til manneldis skulu undanþegnar innheimtu þessa útflutningsgjalds.

Um aðrar undanþágur frá innheimtu þessa útflutningsgjalds fer eftir ákvæðum laga nr. 5/1976 með síðari breytingum.

Olfúsjóði fiskiskipa er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 100 milljónum króna til að standa straum af niðurgreiðslu olúverðs meðan tekjur af útflutningsgjaldi hrökkvi ekki fyrir útgjöldum sjóðsins. Ríkissjóði er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir láni þessu og skal það undanþegið stimpilgjaldi samkvæmt lögum nr. 36/1978 um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980.